



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um úrræði sambærilega við Klettaskóla og Brúarskóla**

Á fundi borgarráðs, 27. júlí 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um það hvort skóla- og frístundasvið sé að vinna í að útvega fleiri úrræði sem eru sambærileg þeim sem Klettaskóli býður. Brúarskóli og Klettaskóli eru báðir sprungnir og er biðlisti í báða. Hópur barna sem vegna sérstöðu sinnar myndu njóta verulega góðs af að sækja nám í þessum skólum eru látin stunda nám í almennum bekkjardeildum þar sem þau upplifa oft vanmátt og vanlíðan enda eru þau ekki að stunda nám með jafningjum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar því eftir upplýsingum um hver staðan sé á næsta skólaári. Heimaskólar hafa ekki mörg úrræði á sinni könnu til að mæta þörfum barna með sérþarfir og hafa því takmarkaða burði til að þjónusta þau. Hér er átt við tækifæri til að stunda nám í smærri, fámennari hópum þar sem börnin fá þjónustu við hæfi. Ef svigrúm væri fyrir þetta þá myndu biðlistar í sérskóla styttest en þess í stað lengjast þeir. Foreldrar barna með frávík eða fötlun af einhverju tagi sem ekki njóta sín í almennum bekk hafa ítrekað sagt að „skóli án aðgreiningar“ standi ekki undir nafni. Mæta þarf þörfum allra barna í skólakerfinu en þessi hópur barna á erfitt með að stunda nám í stórum bekkjardeildum.*

#### **Svar:**

Skóla- og frístundasvið fékk greiningarsvið KPMG til að gera greiningu á starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju árið 2022. [Skýrslan](#) var kynnt í skóla- og frístundaráði 9. október 2022. Í kjölfarið var settur af stað starfshópur innan skóla- og frístundasviðs til að vinna úr niðurstöðum skýrslunnar og gera tillögur og eru þær nú í umsagnarferli hjá hagaðilum.

Þá fékk skóla- og frístundasvið einnig greiningarsvið KPMG til að gera úttekt á starfsemi Brúarskóla. Settur var af stað starfshópur á sviðinu til að vinna úr niðurstöðum skýrslunnar og er hann nú að störfum og mun hann skila af sér á næstu vikum.

Hluti af þessari greiningarvinnu er að leggja mat á hvaða úrræði þurfi að vera í boði með hliðsjón af fjölda og þörfum barna á grunnskólaaldri og áherslu um menntun án aðgreiningar undir ramma farsældarlaganna.